

Ofanflóðavarnir á Bíldudal, Vesturbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Ofanflóðavarnir á Bíldudal séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf jafnframt að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í greinargerð framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulaginu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við byggðina. Í deiliskipulaginu gefst jafnframt kostur á að gera grein fyrir áætlaðri staðsetningu almenningsgarðs á Tungunni ásamt minnisvarða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. maí 2015.

Skipulagsstofnun

31. mars 2015

INNGANGUR

Þann 9. febrúar 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Náttúrustofu Vestfjarða, f.h. Vesturbyggðar og Framkvæmdasýslu ríkisins, um fyrirhugaðar ofanflóðavarnir á Bíldudal, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkubús Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Vesturbyggð með bréfi dags. 23. mars 2015, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvubréfi dags. 2. mars 2015, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. mars 2015, Orkubúi Vestfjarða með bréfi dags. 26. febrúar 2015, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. mars 2015 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 16. mars 2015.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 12. og 27. mars 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að krapaflóð, aurskriður og grjóthrun úr Stekkjargili/Gilsbakkagili ofan Bíldudals og úr giljum á milli Stekkjargils og Búðargils („Milli gilja“) séu þekkt en minna sé um þekkt snjóflóð úr þessum giljum. Fram kemur að leiðigarður sé í Búðargili og verji garðurinn nyrsta hluta byggðarinnar fyrir utan þau hús sem standi í farvegi gilsins. Fyrir neðan Milligilin séu varnargarðar sem beini vatns- og aurrennsli niður í vatnsrás sem liggja til sjávar. Á syðri hluta aurkeilunnar neðan Stekkjargils sé einnig um 150 m langur varnargarður sem beini flóðum í farveg niður í sjó. Þessir varnargarðar séu hins vegar lágir og tryggi ekki öryggi íbúa samkvæmt lögum og reglugerðum.

Fram kemur að hættumatsnefnd Vesturbyggðar hafi metið hættu vegna ofanflóða á Bíldudal, en ekki sé búið að staðfesta nýtt hættumat. Á grundvelli hættumats séu afmörkuð þrenns konar hættusvæði, samkvæmt 17. grein reglugerðar nr. 505/2000:

Hættusvæði A. Staðaráhætta á bilinu 0,3 til 1,0 af 10.000 á ári.

Hættusvæði B. Staðaráhætta á bilinu 1,0 til 3,0 af 10.000 á ári.

Hættusvæði C. Staðaráhætta meiri en 3,0 af 10.000 á ári.

Staðaráhætta sé skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Staðaráhætta fólks í íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum og sambærilegu teljist ásættanleg sé hún minni en 0,3 af 10.000 á ári. Fram kemur að á hættusvæði C og B séu 25 íbúðarhús og grunnskóli Bíldudals en öll hús undir Stekkjargili og Milligiljunum séu á skilgreindum hættusvæðum þ.e. A, B eða C. Samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða skuli við hönnun varnavirkja leitast við að auka öryggi íbúa þannig að eftir byggingu varnavirkja sé staðaráhætta neðan þeirra aldrei meiri en 3,0 af 10.000 á ári. Fram kemur að við hönnun ofanflóðavarna ofan Bíldudals hafi verið miðað við þessar öryggiskröfur og að með tilkomu varnargarðanna undir Stekkjargili hliðrist hættusvæði C og B upp fyrir íbúðarhús en hættusvæði A fylgi núverandi hættusvæði B. Fyrir neðan Milligilin þá hliðrist B-svæðið upp fyrir byggð og C-svæði upp að núverandi varnargarði. Grunnskólinn muni standa á hættusvæði A eftir að varnirnar eru komnar upp.

Fram kemur að ofanflóðavarnir fyrir ofan Bíldudal verði bæði leiðigarðar og þvergarðar. Undir Stekkjargili verði reistur tæplega 300 m langur, 6-9 m hár leiðigarður, sunnan í aurkeilunni sem leiði krapaflóð eftir núverandi lækjarfarvegi og í sjó fram undir nýja, um 15 m langa brú á Dalbraut. Farvegurinn verði breikkaður og verði að stærstum hluta um 15 m breiður en víkki neðst í um 25 m á móts við Sælund, þar sem dragi úr halla en dýpt flóðrásarinnar verði um 4 m. Fram kemur að annar um 80 m langur og 6 m hár leiðigarður verði staðsettur norðan í aurkeilunni til þess að halda aftur að

snjóflóði með upptök í norðurhluta Stekkjargils og muni hann beina hugsanlegu flóði í ofangreindan farveg.

Fram kemur að undir Milligiljunum sé gert ráð fyrir að fimm 100-210 m langir og 4-8 m háir leiði- og þvergarðar taki á móti snjóflóðum, litlum krapaflóðum og aurflóðum og muni garðarnir fylgja legu núverandi garða á löngum köflum neðan giljanna en muni verða um 2-3 m hærrí og skeringarrás ofan þeirra breiðari. Garðarnir muni annað hvort beina hugsanlegum flóðum hindrunarlítið í sjó fram eða stöðva þau ofan byggðar.

Fram kemur að heildarefnispörf í varnargarðana sé áætluð milli 80.000-85.000 m³ og fáist það efni allt úr skeringum flóðmegin garðanna á tæplega 40.000² svæði. Áætlað er að umframefni úr skeringum verði um 18.000 m³ og af því verða um 5.000-10.000 m³ nýttir í landmótun og annað eins í framkvæmdir innanbæjar.

Fram kemur að ekki verði gerðar breytingar á frárennsli á svæðinu með tilkomu varna. Vatn úr Stekkjargili verði eftir sem áður leitt um brú á Dalbraut og í sjó fram en bæði brúin og vatnsrásin verði stækkuð. Vatnsrásin verði dýpkuð niður á klöpp, ofan brúar og í sjó fram og gæti það haft áhrif til lækkunar grunnvatnsborðs á svæðinu. Fram kemur að frárennsli vatns á Milligiljasvæðinu verði óbreytt um ræsi með rist undir garðinum og niður í núverandi vatnsrás milli húsa að Dalbraut 20 og 22. Úr innsta Milligili verði ofanflóð og vatn leidd í sjó fram um nýtt ræsi undir Dalbraut, milli húsa við Dalbraut 35 og 40. Um 6 – 10 m breið rás tekur við neðan við ræsið og leiðir vatn og flóð í sjó fram. Vatn frá ysta hluta svæðisins verði eftir sem áður leitt niður lækjarfarvegi og inn að núverandi ræsi undir Tjarnarbraut. Þannig sé gert ráð fyrir að aðgerðir á svæðinu hafi óveruleg áhrif á vatnsflutning um núverandi ræsakerfi auk þess sem ólíklegt sé talið að framkvæmdirnar muni leiða til hækkunar á grunnvatnsstöðu í byggð.

Landmótun og uppgræðsla. Fram kemur að fyrirhuguð ofanflóðamannvirki verði löguð að næsta umhverfi með því að milda fláa þeirra og skeringarrása, rækta upp trjágróður á ákveðnum svæðum, breyta skörpum línunum flóðrásu í bogadregnar línur sem samræmist landslagi. Þar sem garðar verði nálægt lóðum eða á lóðamörkum verði vandað til frágangs með hleðslum, stöllum varnargarða og uppgræðslu.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að varnargarðarnir verði byggðir upp nálægt byggð og á svæði sem bæði beri ummerki mannsins og náttúrunnar. Garðarnir verði tímabundið áberandi í landslaginu eða þangað til gróður hafi náð sér á strik, en þegar til lengri tíma sé litið muni garðarnir hafa óveruleg sjónræn áhrif neðan úr byggð. Fram kemur að fornleifaskráning hafi leitt í ljós 10 minjar innan eða við áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Framkvæmdin mun hafa varanlega neikvæð áhrif á þrjár minjar, tvær aðrar séu nærri framkvæmdasvæðinu og geti framkvæmdir haft varanleg neikvæð áhrif á þær. Framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á fuglategundir á valista né skerða mikilvæg búsvæði fugla og þannig hafa óveruleg áhrif á fuglalíf á svæðinu.

Fram kemur að svæðið sé að mestu gróið og sé mosagróður mest áberandi sem og graslendi. Ekki sé að finna sjaldgæfar tegundir eða gróðurhverfi sem skylt sé að friða á svæðinu. Um 7,5 ha af mosagrónu svæði muni raskast og um 4,5 ha stórt skógræktarsvæði. Stærð framkvæmdasvæðis verði takmörkuð eins og kostur sé til að raska ekki gróðri að óþörfu. Við uppgræðslu varnargarða og lokafrágang verði stuðst við tillögu að skipulagi um landmótun og uppgræðslu og meðferð um svarðlag við vegagerð. Fram kemur að framkvæmdin muni almennt hafa neikvæð tímabundin áhrif á útivist á svæðinu meðan á framkvæmdum standi. Hins vegar verði betra aðgengi að svæðinu ofan byggðar að framkvæmdum loknum þar sem göngustígar verði gerðir ásamt útsýnisstöðum og aðkoma að svæðinu bætt með bílastæðum.

Fram kemur að hávaði frá vinnuvélum geti valdið íbúum ónæði en í reglugerð um hávaða sé fjallað um tímatakörk háværra framkvæmda og gert ráð fyrir að vinnutími sé frá 7:00-21:00 á virkum dögum og 10:00 til 19:00 um helgar og almennum frídögum. Fram kemur að sprengingar geti valdið íbúum óþægindum og reglugerð um sprengingar geri ráð fyrir að úttekt þurfi að fara fram á því svæði

þar sem tjón geti hugsanlega orðið auk þess sem gera þurfi íbúum viðvart þegar sprengingar fari fram.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkubús Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um sé að ræða mannvirki sem reist verði á svæði sem þegar hafi verið raskað með eldri ofanflóðavörnum auk þess sem trjágróður hafi verið gróðursettur og lúpínu sáð á hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Mannvirkin muni verða tiltölulega lág. Með góðri hönnun og landmótun verði unnt að móta garðana þannig að þeir verða ekki mjög áberandi og trjárækt neðan garðanna ætti með tímanum að draga enn frekar úr sýnileika mannvirkjana.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða kemur fram að taka þurfi tillit til íbúanna við framkvæmdir sérstaklega hvað varðar hávaða frá vinnuvélum og sprengingar og eins gæti þurft að gera ráðstafanir vegna rykmengunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óhjákvæmilega verði einhver hávaði við framkvæmdir og verði sótt um leyfi og fylgt eftir þeim reglum sem eigi við. Talið sé að það verði lítil rykmengun vegna þess að umferð tækja verði tiltölulega lítil, m.a. komi allt efni í garðanna af framkvæmdasvæðinu sjálfu. En komi upp tilvik þar sem þyrfti að rykbinda verði það gert.

Í umsögn Orkubús Vestfjarða er bent á að færa þurfi raflínu sem liggur um svæðið og setja í jarðstreng fyrir utan framkvæmdarsvæðið áður en jarðrask hefst.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir þetta atriði og að endanleg útfærsla á lagningu háspennulínunnar verði í samráði við Orkubú Vestfjarða og Vesturbyggð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að í tilfelli fimm fornminja þurfi að grafa könnunarskurði til þess að kanna gerð þeirra og aldur og til þess að ganga úr skugga um hvort eldri leifar finnast undir þeim. Í tilfelli þriggja annarra telur Minjastofnun að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þá bendir stofnunin á að henni hafi borist beiðni frá 77 íbúum á Bíldudal að friðlýsa minnisvarða á Tungunni en skv. greinargerð framkvæmdaraðila er minnisvarðinn í flóðafari og gert ráð fyrir að færa hann. Minjastofnun hefur ekki tekið ákvörðun um að friðlýsa minnisvarðann en hvetur til þess að komið verði til móts við sjónarmið þeirra sem sendu inn friðlýsingarbeiðnina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni sækja um leyfi til að kanna þær minjar frekar sem kunna verða fyrir raski og minnst sé í umsögn Minjastofnunar Íslands. Þetta verði gert áður en framkvæmdir hefjist, helst strax og snjóá leysi í vor.

Í umsögn Vesturbyggðar er lögð áhersla á að ónæði og rask verði sem minnst á framkvæmdartíma og að allar framkvæmdir við almenningsgarð á Tungunni verði í sátt við íbúa og bæjaryfirvöld. Þá er lagt til að í ljósi fenginnar reynslu verði gerð könnun á grunnvatnsstreymi við þau hús sem standi næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og skoðað hvort að fyrirhugaðar varnir geti haft neikvæð veðurfarsleg áhrif á byggðina, þ.e. auki staðbundið vindstyrk.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mögulegt sé að Tungan verði látin halda sér að hluta til eins og kemur fram í greinargerð en það muni þó hafa í för með sér að hliðra þurfi efstu minnismerkjum þar sem þau lendi í fyrirhugaðri mön syðst á svæðinu. Í hönnun þurfi að skoða það sérstaklega hvort umfang manar geti minnkað og hvort breytt lega göngustígs geti gert það að verkum að minnismerkin geti staðið áfram á núverandi stað. Endanleg útfærsla muni verða unnin í nánú samstarfi við íbúa Bíldudals og sveitarstjórn Vesturbyggðar. Bent er á varðandi grunnvatnsstreymi að eins og fram kemur í greinargerð þá eru aðgerðir á svæðinu taldar hafa

óveruleg áhrif á vatnsflutning um núverandi ræsakerfi. Jafnframt er talið ólíklegt að framkvæmdirnar muni leiða til hækkunar á grunnvatnsstöðu í byggð. Hvað varðar veðurfarsleg áhrif á byggðina með tilkomu garðanna þá bendir framkvæmdaraðili á að leiðigarðar neðan Stekkjargils liggi þvert á ríkjandi skafrenningsáttir (N- og NA-áttir), svipað og tvöfalt hærrí garður neðan Búðargils. Leiðigarðarnir liggja ofan byggðar og því ættu áhrif í byggð að vera svipuð og neðan Búðargils en þar hafi ekki komið fram breyting á vindafari. Hugsanlega gætu myndast hvirflar út frá suðurenda garðs, helst í SV áttum, og borist til norðausturs að húsum við Dalbraut 39 og 42. Leiðimanir norðaustan við garðinn hafa brotið upp vindstreng úr norðaustri áður en hann lendir á garðinum. Fram kemur að stærstur hluti garða neðan Milligilja liggi samsíða ríkjandi skafrenningsáttum og ættu því að hafa óveruleg áhrif á vindafar og snjósöfnun, hvort sem sé ofan byggðar eða í byggð. Garðarnir/manirnar séu jafnframt tiltölulega lágir og bratti ekki mikill en slíkt dragi úr óæskilegri hvirflamyndun. Fram kemur að fylgjast þurfi með snjósöfnun og vindafari ofan garðanna og í byggð og grípa til aðgerða, s.s. gróðursetningar trjáa og/eða uppsetningar skjólgirðinga, reynist hún á annan veg en hér sé gert ráð fyrir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð ofanflóðavarna ofan byggðar á Bíldudal í formi nokkurra leiði- og þvergarða, auk dýpkunar og breikkunar lækjarfarvega. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.16 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Gert hefur verið hættumat fyrir Bíldudal og er hætta talin á krapaflóðum, aurskriðum og grjóthruni úr giljum ofan byggðarinnar og því nauðsynlegt að ráðast í gerð ofanflóðavarna á ofangreindu svæði til þess að uppfylla öryggiskröfur laga og reglugerða.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni verða sjónræns eðlis vegna umfangs varnargarðanna sem munu koma til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar en með vandaðri landslagshönnun garðanna og flóðrása auk markvissrar uppgræðslu mun verða hægt að draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkjanna á landslag í hlíðinni og tryggja að þeir falli vel að bæjarmynd.

Skipulagsstofnun telur að nokkur neikvæð áhrif muni verða vegna ónæðis á framkvæmdatíma og telur stofnunin mikilvægt að framkvæmdaáform og tilhögun verði kynnt fyrir íbúum, einkum í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Stofnunin telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður verði nokkuð neikvæð þar sem talsvert stór gróðursvæði raskast, þ.á.m. skógræktarsvæði en framkvæmdasvæðið einkennist að öðru leyti af algengu gróðurlendi og ekki hafa sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista fundist á svæðinu. Engar fuglategundir á válista hafa fundist á áhrifasvæði framkvæmdanna og þær koma ekki til með að skerða mikilvæg búsvæði fugla og því verða áhrif á fugla óveruleg. Framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á nokkrar fornminjar á svæðinu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaraðili fari eftir þeim ábendingum um rannsóknir og þeim mótvægisáðgerðum sem Minjastofnun Íslands hefur sett fram í umsögn sinni eins og hann fyrirhugar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Náttúrustofu Vestfjarða, f.h. Vesturbyggðar og Framkvæmdasýslu ríkisins, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð ofanflóðavarna á Bíldudal sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf jafnframt að liggja fyrir deiliskipulag af mannvirkjunum. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í greinargerð framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulaginu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við byggðina. Í deiliskipulaginu gefst jafnframt kostur á að gera grein fyrir áætlaðri staðsetningu almenningsgarðs á Tungunni ásamt minnisvarða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. maí 2015.

Jakob Gunnarsson



Skipulagsstofnun